

1. hluti:

Things Left Unsaid (Gilmour, Wright)

It's What We Do (Gilmour, Wright)

Ebb And Flow (Gilmour, Wright)

Ég heiti Björgvin Rúnar Leifsson og þetta er þáttur um Pink Floyd.

Þegar ég lauk við 13. þáttinn minn um Pink Floyd fyrir Útvarp Húsavík snemma vors árið 2013 óraði mig ekki fyrir því að hljómsveitin ætti nokkurn tímann eftir að senda frá sér enn eina plötuna. Ég sagði frá því í síðasta þættinum að orðrómur væri kominn á kreik um nýja sólóplötu Gilmour. Orðrómurinn ágerðist eftir því sem leið á árið 2013 og síðla það ár ljóstraði Graham Nash því upp í viðtali að hann og David Crosby hefðu þegið boð Gilmour um að vera með á nýrri sólóplötu þess síðast talda en þeir sungu einmitt bakraddir á sólóplötu Gilmour, "On an Island", sem kom út árið 2006 á sextugsafmæli gítarleikarans. Nash sagði reyndar líka að þeir Crosby ætluðu eingöngu að gera þetta fyrir ánægjuna og ekki þiggja laun fyrir.

Eins og aðrir aðdáendur Pink Floyd beið ég nú eftir því að platan kæmi út á árinu 2014 eins og Nash lét liggja að. Á sama tíma ágerðist orðrómur um að Waters væri einnig að byrja að vinna að nýrri sólóplötu og ekki skemmdi það fyrir. Næsta stórfrétt var samt ekki um þessar sólóplötur, heldur var það eiginkona Gilmour, Polly Samson, sem tilkynnti í viðtali í júlí 2014 að ný Pink Floyd plata, "The Endless River", með hluta þess efnis, sem skilið var eftir við gerð "The Division Bell", væri á leiðinni og mundi koma út um haustið. Einhvern tíma á árinu 2013 ákváðu Gilmour og Mason að það væri við hæfi að gefa út stóran hluta af öllu því efni, sem þeir áttu óútgefið frá 1994 á 20 ára afmæli "The Division Bell" sem eins konar svanasöng hljómborðsleikarans sáluga, Richard Wright. Mason sagði í viðtali við tímaritið Mojo að platan væri þakklætisvottur þeirra félaga til Wright og væri góð til að átta sig á hversu góður tónlistarmaður

hann var og hvernig hljóðfæraleikur hans væri í raun hjarta Pink Floyd sándsins.

Áður en lengra er haldið er rétt að benda á að afmælisútgáfa "The Division Bell" kom út sumarið 2014 og var m.a. hægt að fá hana á vinyl, sem ekki var hægt árið 1994. Ég keypti að sjálfsögðu vinyl útgáfuna.

Ég sagði frá því í síðasta þætti að "Þegar þeir voru komnir með u.þ.b. 25 lög [árið 1994 fyrir "The Division Bell"] ætluðu þeir að hafa mjög lýðræðislega atkvæðagreiðslu um hvað færi á plötuna með því að hver þeirra gaf hverju laganna einkunn á skalanum 1-10 burtséð frá því hver hefði samið verkið." Til að gera langa sögu stutta fóru 11 af þessum 25 lögum á plötuna en þá áttu þeir enn eftir helling af efni, sem Mason kallaði "ambient music", sem hefur verið þýtt sem alltumlykjandi tónlist, sem mér þykir ekki alveg ná meiningunni. Í mínum huga er "ambient music" tónlist, sem nýtur sín hvort sem er í bakgrunni eða sem forgangshlustun. Kannski má segja að á nýju plötunni takist Pink Floyd að sameina "ambient" tónlist og prog rokk.

Hvað sem því líður áttu þeir skv. Wright um það bil 5-6 klukkutíma af tónlist þegar vinnunni við "The Division Bell" lauk. Þar af fóru u.þ.b. 65 mínútur á "The Division Bell" og tæknimaðurinn, Andy Jackson, skar efnið, sem þá var eftir, niður í um klukkutíma samtíning, sem hann kallaði af hæversku sinni "The Big Spliff" eða einstök gæði. Ætlunin var alltaf að vinna áfram með þetta efni og gefa út að minnsta kosti eina plötu enn og bæði Wright og Mason lýstu því yfir í viðtölum að þeir biðu bara eftir kallinu frá Gilmour - sem kom að lokum en allt of seint.

Margir komu að gerð nýju plötunnar. Gilmour bað Phil Manzanera úr Roxy Music, sem spilaði með honum á "On an Island" um að fara yfir efnið. Manzanera hlustaði á 20 tíma af upptökum og skar það niður í fjóra 14 mínútna hluta ásamt tæknimönnunum Jackson og Damon Iddins. Við heyrðum einmitt hinn fyrsta af þessum 4 hlutum í upphafi þáttarins en þar eru löggin Things Left Unsaid, It's What We Do og Ebb And Flow, öll eftir Gilmour og Wright. Nú skulum við hlusta á annan hluta en þar eru löggin

Sum og Skins eftir þá alla þrjá, Unsung eftir Wright og Anisina eftir Gilmour.

2. hluti:

Sum (Gilmour, Mason, Wright)

Skins (Gilmour, Mason, Wright)

Unsung (Wright)

Anisina (Gilmour)

Þeir Gilmour, Mason, Manzarena, Jackson og framleiðandinn Youth fóru með þessa 4 hluta í stúdíó í nóvember 2013 til að vinna áfram með efnið ásamt saxofónleikaranum Gilad Atzmon og bassaleikaranum Guy Pratt. Enn fremur söng Durga McBroom bakraddir og ekki má gleyma framlagi Polly Samson með textanum við "Louder than Words". Þá er hluti af sömu auglýsingu með Stephen Hawking og notuð var í "Keep Talking" á "The Division Bell" leikinn undir í laginu "Talkin' Hawkin". Lagið "Anisina" samdi Gilmour árið 2014 og leikur sjálfur á flygil en nafnið er tyrkneska og þýðir "til minningar um". Að lokum er vert að nefna lagið "Autumn '68" en þarna er um ræða upptöku með Wright þar sem hann leikur á pípuorgelið í Royal Albert Hall árið 1969, þannig að segja má að lögin á plötunni spanni 45 ára tímabil. "Autumn '68" kallast reyndar skemmtilega á við "Summer '68", sem er einnig eftir Wright og kom út á "Atom Heart Mother" 1970 og er ekki ólíklegt að bæði verkin hafi orðið til um svipað leyti 1968 eða '69.

Þar sem platan er óður til Richard Wright fer ekki hjá því að mörg laganna séu með honum eða eftir hann að hluta eða öllu leyti. Þannig eru þrjú lög, "Unsung", "The Lost Art of Conversation" og "Autumn '68" eingöngu eftir Wright en að auki er hann meðhöfundur að 8 öðrum lögum. Þá er ánægjulegt að sjá Mason titlaðan meðhöfund að tveimur lögum, "Sum" og "Skins" en það er ekki rétt hjá Wikipedia að þetta sé í fyrsta skipti sem hann er titlaður meðhöfundur síðan "Dark Side of the Moon" því að ekki má gleyma framlagi hans á "La Carrera Panamericana".

Platan kom út 7.-10. nóvember 2014 undir nafninu "The Endless River". Hún skiptist í fjóra 14 mínútna kafla, þ.e. fjórar plötusíður á vinyl

útgáfunni, en í endanlegu útgáfunni er tiltölulega lítið notað af því sem Jackson setti saman 1994 í "The Big Spliff". Enn fremur kom út deluxe útgáfa með DVD diskum með upptökum bæði frá gerð "The Division Bell" og "The Endless River" og á ég hana að sjálfsögðu. Þrátt fyrir tiltölulega slæma gagnrýni fékk platan mjög góðar viðtökur hjá almenningi og mokseldist og skaust tímabundið í fyrsta sæti yfir mest pantaðar plötur hjá Amazon. Ekki var farið í tónleikaferð til að fylgja útgáfunni eftir og sagði Gilmour að án Wright væri það óhugsandi.

Nú skulum við hlusta á 3. hlutann. Þar eru lögin The Lost Art Of Conversation eftir Wright, On Noodle Street og Night Light eftir Gilmour og Wright, Allons-Y 1 eftir Gilmour, Autumn '68 eftir Wright, Allons-Y 2 eftir Gilmour og Talkin' Hawkin' eftir Gilmour og Wright.

3. hluti:

The Lost Art Of Conversation (Wright)

On Noodle Street (Gilmour, Wright)

Night Light (Gilmour, Wright)

Allons-Y (1) (Gilmour)

Autumn '68 (Wright)

Allons-Y (2) (Gilmour)

Talkin' Hawkin' (Gilmour, Wright)

Að mínu mati er "The Endless River" engan veginn besta plata Pink Floyd en ég hef grun um að gagnrýnin sé að hluta til byggð á röngum forsendum. Í fyrsta lagi má nefna að margir, þ.m.t. einn góður vinur minn, segja að platan sé ekki nógu góð vegna þess að á henni sé efni, sem ekki þótti nógu gott fyrir "The Division Bell" á sínum tíma. Vissulega er það rétt en ekki má gleyma að það stóð alltaf til að vinna efnið áfram og gefa það út á einni eða fleirum plötum. Þá er smekkur fólks mismunandi sem betur fer og ég er ekki frá því að eitt eða tvö lög á "The Division Bell" hefðu mátt missa sig fyrir eitt eða tvö lög á The Endless River".

Í öðru lagi eru það þeir, sem segja að það vanti eitthvað þar sem sönginn vanti að mestu leyti og platan sé því meira eða minna stefnulaust jamm þeirra Gilmour og Wright þar hvor eltir hinn og Mason reynir að fylgja þeim. Ja hérna! Þessir gagnrýnendur ættu að snúa sér að soft rokki eða

einhverri þaðan af skrátnari tónlist. Byggja ekki einmitt bestu verk Pink Floyd á samspili Gilmour og Wright þannig að úr verður hið stórkostlega Pink Floyd sánd, sem við þekkjum svo vel? Ég hef reyndar grun um að þessi tegund af gagnrýni sé gegnsýrð af iTunes og Spotify hugsunarhætti, þar sem fólk kaupir stök lög með einhverri laglínu og söng en ekki langa, instrumental kafla, sem renna saman í eitt. Gilmour sagði um þetta í viðtali við Mojo að "án þess að biðjast afsökunar er [platan] fyrir þá kynslóð, sem vill setja upp heyrnartólin, koma sér þægilega fyrir og hlusta á góða tónlist í langan tíma. [Hún] er ekki fyrir iTunes-niðurhala-stökum- lögum kynslóðina".

Svo er það bullið um að platan sé ekki nógu góð af því að Waters vanti. Fyrirgefið en "The Endless River" hefur EKKERT með Waters að gera. "The Endless River" er síðasta stúdíóplata bestu prog rokk hljómsveitar allra tíma og er óður til hins látna hljómborðsleikara, sem, eins og Mason sagði eitt sinn, "myndaði hljóðið, sem hnýtti þetta allt saman". Án Wright hefði Pink Floyd sándið aldrei orðið til og Waters var hreinlega á annarri bylgjulengd og vildi alltaf hafa plöturnar hrárrí en bæði Wright og Gilmour. Þessi Waters árátt gekk reyndar svo langt að Waters sá sig knúinn til að gefa út yfirlýsingu í fyrri, sem í lauslegri þýðingu gengur út á að "'The Endless River" er alfarið verkefni Daves og Nick og ég hef ekkert með það að gera. Ég hætti í Pink Floyd fyrir 29 árum. Ja hérna! Reynið að taka ykkur tak!" Gilmour sagði eitthvað svipað í viðtali við Mojo og benti á að Waters hefuri verið lengur utan Pink Floyd en í hljómsveitinni.

Gilmour hefur látið hafa eftir sér að "The Endless River" sé það síðasta, sem muni koma frá Pink Floyd og gefið í skyn að nú sé hljómsveitin endanlega hætt. Húmoristinn Mason gefur lítið fyrir slíka yfirlýsingar, enda sé hann sá eini eftirlifandi, sem hafi verið í hljómsveitinni samfelld frá upphafi: "Ef Gilmour hættir í Pink Floyd er ég einn eftir með full yfirráð. Þá mun ég fara í tónleikaferð með "Dark Side of the Moon" þar sem eingöngu slagverkshlutinn verður spilaður. Enn fremur ætlast ég til að á legstein minn verði ritað: "Ég er ekki alveg viss um að þetta sé búið"".

Áður en þessu spjalli lýkur má benda á að vinnu við sólóplötu Gilmour, "Rattle that Lock", er nú lokið og er platan væntanleg í september. Verður henni fylgt eftir með stuttri tónleikaferð um Evrópu og á ég miða á tónleikana í Royal Albert Hall þann 25. september nk. og er það sextugsafmælisgjöfin mín. Ekkert er nýtt að fréttu af hugsanlegri sólóplötu Waters annað en að skv. orðrómi gæti hún verið væntanleg á næsta ári.

Eins og svo margar aðrar Pink Floyd plötur grípur "The Endless River" mann ekki strax en batnar við hverja hlustun. Hún hentar hvort sem er sem bakgrunns- eða forgrunns músík og sameinar á snilldarlegan hátt "ambient" tónlist og prog rokk. Sem svanasöngur Richard Wright á hún einstaklega vel við sem síðasta plata bestu prog rokk hljómsveitar allra tíma.

Við endum þennan lokapátt á síðasta hluta The Endless River. Þar eru lögin Calling eftir Gilmour og Moore, Eyes To Pearls og Surfacing eftir Gilmour og Louder Than Words eftir Gilmour og Samson.

Ég heiti BRL og veit eitthvað pínulítið um Pink Floyd.

4. hluti:

Calling (Gilmour, Moore)

Eyes To Pearls (Gilmour)

Surfacing (Gilmour)

Louder Than Words (Gilmour, Samson)